

Atvinnuuppbygging og þróun íbúðamarkaðar á Suðurlandi

Hótel Selfossi miðvikudaginn 15. nóvember kl. 11:30 – 13:00

Miðvikudaginn 15. nóvember verður haldinn opinn fundur um atvinnuuppbyggingu og þróun íbúðamarkaðar á Suðurlandi. Fundurinn verður haldinn á Hótel Selfossi kl. 11:30 og er opinn öllum. Fundurinn er hluti af fundaröð ýmissa aðila sem láta sig varða atvinnu- og byggðapróun í landsbyggðunum. Að fundinum standa Byggðastofnun, HMS, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið, Samtök iðnaðarins og er fundurinn haldinn í samstarfi við SASS.

Á fundinum verður farið yfir stöðu á íbúðamarkaði, stafræn byggingarleyfi, nýsköpunarstyrki, hagkvæmni og skilvirkni í íbúðauppbyggingu og þau lánaúrræði sem standa til boða bæði hvað varðar rekstur og uppbyggingu íbúða á landsbyggðinni.

Dagskrá

Tækifæri og áskoranir á Suðurlandi

Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS

Staða íbúðauppbyggingar

Elmar Erlendsson, framkvæmdastjóri hjá HMS

Stafræn byggingarleyfi

Hugrún Ýr Sigurðardóttir, verkefnastjóri hjá HMS

Lánastarfsemi Byggðastofnunar

Guðbjörg Óskarsdóttir, sérfræðingur hjá Byggðastofnun

Nýsköpunarstyrkir fyrir landsbyggðina

Lóa Auðunsdóttir, sérfræðingur hjá HVIN

Aukum hagkvæmni og skilvirkni í íbúðauppbyggingu

Friðrik Ágúst Ólafsson, viðskiptastjóri hjá SI

Húsið opnar kl. 11:15 og verður boðið upp á léttar veitingar meðan á fundi stendur. Fundargestum er boðið samtal við frummælendur eftir fundinn. Fundarstjóri er Bragi Bjarnason, formaður bæjarráðs Sveitarfélagsins Árborgar.

Við bjóðum alla velkomna á fundinn og hlökkum til að sjá ykkur 15. nóvember.



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



BYGGÐASTOFNUN



Tryggð
byggð



LÓA
NÝSKÖPUNARSTYRKIR
FYRIR LANDSBYGGÐINA

